

AUGLÝSING

um skipulag í Grímseyjarhreppi.

Eftir beiðni hreppsnefndar Grímseyjarhrepps í Eyjafjarðarsýslu og tillögu skipulagsstjóra ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 55/1921, ákveðið, að lög nr. 55/1921 skuli framvegis taka til Grímseyjar.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. desember 1962.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 223.

21. desember.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Þorláks Jónssonar, Ingibjargar Bjarnadóttur og Sigríðar Bjarnadóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21. desember 1962.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Þorláks Jónssonar, Ingibjargar Bjarnadóttur
og Sigríðar Bjarnadóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Þorláks Jónssonar, Ingibjargar Bjarnadóttur og Sigríðar Bjarnadóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt erfðaskrá Bjarna Þorlákssonar, trésmiðs, Grettisgötu 35, Reykjavík, til minningar um foreldra hans, hjónin Þorlák Jónsson, hreppstjóra, og Ingibjörgu Bjarnadóttur, Þórukoti, Álftanesi, og móðursystur hans, Sigríði Bjarnadóttur, Ketilshliði, Álftanesi.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins eru eftirlátnar eigur Bjarna Þorlákssonar.

4. gr.

Systurdóttir stofnandans, Lovisa Lúðvíksdóttir, — en hún sá um heimili hans í 35 ár — skal, meðan hún lifir, njóta framfærslueyris úr sjóðnum eftir ákvörðun sjóðsstjórnar.

Að henni látinni skal fé sjóðsins varið til kaupa á herbergjum í líknarstofnun, og skulu herbergin bera nafn stofnanda og þeirra venzlamanna hans, er í 1. gr. getur. Nú verða herbergi keypt í elliheimili eða annari stofnun og skal þá fólk úr Bessastaðahreppi í Gullbringusýslu ganga fyrir um vist þar, eftir því sem við verður komið.